

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. febrúar 2023

Mál nr. E-4270/2022:

A

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

gegn

Útlendingastofnun

(Erna Hjaltsted lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 1. febrúar 2023, var höfðað með birtingu stefnu 21. september 2022. Stefnandi er A, fæðingardagur óljós, ríkisborgari [...]. Stefnu eru íslenska ríkið og Útlendingastofnun, Dalvegi 18, 201 Kópavogi.
- Stefnandi krefst þess aðallega að úrskurður kærunefndar útlendingamála númer 267/2022 frá 14. júlí 2022 í stjórnslumáli númer [...], þess efnis að hafna kröfu stefnanda um endurupptöku á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi, verði felldur úr gildi. Þá er krafist málskostnaðar.
- Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Helstu málsatvik

- Stefnandi sótti um alþjóðlega vernd hér á landi í fyrsta sinn þann 4. september 2016, en hann hafði áður óskað eftir vernd í Svíþjóð. Í viðtali stefnanda við Útlendingastofnun vegna umsóknarinnar þann 21. september 2016 bókar talsmaður stefnanda að vafi sé um aldur stefnanda. Í stefnu er því haldið fram að hann sé fæddur [...], en í gögnum málsins kemur fram að stefnandi hafi gefið upp [...] sem fæðingardag í Svíþjóð. Í viðtalinu kemur fram að stefnandi hafi áhyggjur af því að aðili sem hafi haldið honum og fleirum í vinnu gegn þeirra vilja gæti náð til hans ef hann færi til Svíþjóðar, en þessi sami aðili hafi greitt fyrir og skipulagt ferð hans til Íslands. Í greinargerð stefnanda til Útlendingastofnunar dagsettri 27. janúar 2017 kemur fram að hann hafi verið sendur hingað til að vinna fyrir ótilgreindan aðila.
- Stefnandi undirgekkst tanngreiningu þann 28. október 2016 að beiðni Útlendingastofnunar, til aldursgreiningar. Niðurstaða þeirrar aldursgreiningar lá fyrir 2. nóvember 2016 um að

útilokað væri að uppgefinn aldur hans, [...], væri réttur, hann væri eldri en 18 ára og sennilega eldri en tvítugur.

6. Með ákvörðun Útlendingastofnunar 14. febrúar 2017 var beiðni stefnanda ekki tekin til efnismeðferðar hér á landi og ákveðið að hann skyldi endursendur til Svíþjóðar. Í ákvörðuninni er vísað til ákvæða 16. gr. Dyflinnarreglugerðarinnar um að yfirvöld í Svíþjóð beri ábyrgð á umsókninni og 1. mgr. 36. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga.
7. Með úrskurði kæruneftndar útlendingamála nr. 414/2017 þann 11. júlí 2017 var ákvörðun Útlendingastofnunar frá 14. febrúar 2017 felld úr gildi með vísan til þess að rannsókn stofnunarinnar á heilsufari stefnanda og því hvort hann væri hugsanlegt fórnarlamb mansals væri ábótavant. Þá hefði ekki farið fram viðhlítandi mat varðandi endursendingu til Svíþjóðar. Var lagt fyrir Útlendingastofnun að taka mál stefnanda til nýrrar meðferðar. Í kjölfarið undirgekkst stefnandi sálfræðimat og sýndu niðurstöður þess alvarleg einkenni kvíða, þunglyndis og streitu, sbr. bréf B sálfræðings frá 12. september 2017 og C, dagsett 10. febrúar 2018.
8. Með ákvörðun Útlendingastofnunar 17. maí 2018 var stefnanda synjað um alþjóðlega vernd og jafnframt synjað um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og gruns um mansal. Kæruneftnd útlendingamála staðfesti ákvörðun Útlendingastofnunar með úrskurði 6. desember 2018 og var kæranda veittur 30 daga frestur til að yfirgefa landið sjálfviljugur. Þann 14. desember 2018 barst kæruneftnd beiðni stefnanda um frestun réttaráhrifa af úrskurði nefndarinnar. Með úrskurði kæruneftndar nr. 24/2019, dags. 1. febrúar 2019, var þeirri beiðni synjað. Stefnandi sendi einnig beiðni um endurupptöku með bréfi 7. janúar 2019. Með úrskurði kæruneftndar nr. 45/2019, dags. 31. janúar 2019, var þeirri beiðni stefnanda synjað.
9. Samkvæmt úrskurði kæruneftndar útlendingamála nr. 267/2022 frá 14. júlí 2022 var stefnanda veitt bráðabirgðadvalarleyfi hér á landi á grundvelli 77. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga þann 26. júní 2017 á meðan umsókn hans um alþjóðlega vernd væri til meðferðar hjá stjórnvöldum. Það leyfi var endurnýjað nokkrum sinnum, síðast með gildistíma til 16. mars 2019. Í þessum sama úrskurði kemur fram að stefnandi hafi sótt um dvalarleyfi vegna skorts á starfsfólki, sbr. 62. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga. Með ákvörðun Útlendingastofnunar hinn 16. mars 2020 var því hafnað og var sú ákvörðun ekki kærð til kæruneftndar. Þá kemur fram í úrskurðinum að stefnandi hafi sótt um dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið hinn 20. maí 2020. Með ákvörðun Útlendingastofnunar, dags. 8. desember 2020, var umsókninni synjað. Sú ákvörðun var staðfest með úrskurði kæruneftndar nr. 62/2021, dags. 17. febrúar 2021.

10. Þann 8. júní 2022 barst kærunefnd útlendingamála önnur beiðni stefnanda um endurupptöku á úrskurði kærunefndar nr. 534/2018, frá 6. desember 2018, ásamt fylgiskjölum. Með úrskurði nr. 267/2022, dags. 14. júlí 2022, var þeirri beiðni synjað og krefst stefnandi nú ógildingar þess úrskurðar.

II

Helstu málsástæður stefnanda

11. Stefnandi byggir á því að hann hafi ekki fengið niðurstöðu í máli sínu innan þeirra tímamarka sem getið er í 2. mgr. 74. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga. Umsókn um alþjóðlega vernd hér á landi hafi verið lögð fram í fyrsta sinn þann 4. september 2016, og því hafi liðið rúmir 27 mánuðir þar til úrskurður kærunefndar frá 6. desember 2018 var kveðinn upp. Stefnandi vísar til þess að heimilt sé að veita útlendingi sem ekki hefur fengið niðurstöðu innan 18 mánaða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem tiltekin eru í ákvæðinu, þ.m.t. að ekki leiki vafi á því hver einstaklingurinn er og hann hafi veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn málsins. Þá sé það skilyrði að skorið hafi verið úr um með efnismeðferð að hann uppfylli ekki skilyrði alþjóðlegrar verndar samkvæmt 37. og 39. gr. laga nr. 80/2016.
12. Stefnandi vísar til þess að sú niðurstaða kærunefndar útlendingamála að vafi sé á því hver stefnandi sé og hvort hann hafi veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn máls fái ekki staðist. Niðurstaða kærunefndar allt frá úrskurðinum frá 6. desember 2018 hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Þá hafi aðstæður kæranda og aðstæður í heimaríki hans breyst þannig að rétt sé að fallast á beiðni um endurupptöku af þeim sökum
13. Stefnandi byggir á því að samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skuli í lögum tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ákvæðið sækir m.a. fyrirmynd til inngangsákvæða barnasáttmálans, einkum 3. gr. Í 1. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 segi að barn eigi rétt á að njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Í 2. mgr. 1. gr. laganna segi að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Kærunefnd útlendingamála og Útlendingastofnun hafi brotið gegn þessum ákvæðum enda hafi stefnandi sýnt fram á að „ekki sé loku fyrir það skotið“ að hann hafi verið á barnsaldri þegar hann lagði fram umsókn sína um alþjóðlega vernd hér á landi.

14. Stefnandi byggir á því að stjórnvöld hafi við meðferð umsóknar hans um alþjóðlega vernd hér á landi brotið í bága við 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þar sem er kveðið á um skyldu stjórnvalda til þess að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin, sbr. einnig 2. mgr. 23. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga. Í 3. mgr. 23. gr. laganna sé kveðið á um að íslensk stjórnvöld skuli við framkvæmd ákvæða III. og IV. kafla eiga samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, sbr. 35. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, m.a. um framkvæmd og túlkun þess samnings og laga um útlendinga. Í 196. mgr. handbókarinnar um réttarstöðu flóttamanna frá 1979, útgefinni af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), sé m.a. kveðið á um að þótt sönnunarbyrðin hvíli á umsækjanda sé það sameiginleg skylda umsækjanda og viðkomandi stjórnvalds að komast að raun um staðreyndir málsins og meta þær. Loks er vísað til þess að því tilfinnanlegri eða meira íþyngjandi sem stjórnvaldsákvörðun sé, þeim mun strangari kröfur verði að gera til rannsóknar á þeim atvikum er leiði til niðurstöðunnar.
15. Stefnandi byggir á því að mat kærufndar útlendingamála á því hvort hann sé sá sem hann heldur fram sé ekki forsvaranlegt og ógilda beri úrskurð kærufndar útlendingamála þar sem hvorki lögmat né málefnaleg sjónarmið hafi ráðið niðurstöðunni. Í úrskurði kærufndar útlendingamála nr. 534/2018 komi fram að Útlendingastofnun telji stefnanda hafa sannað deili á sér með fullnægjandi hætti. Samkvæmt rannsókn vegabréfa-rannsóknarstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum á vegabréfi sem stefnandi lagði fram sé engin sjáanleg fölsun á gagninu. Kærufnd útlendingamála hafi hins vegar byggt niðurstöðu sína á því að lögreglustjóranum hefðu borist upplýsingar frá tengilið lögreglu í [...] sem bentu til þess að vegabréfið væri mögulega gefið út á ólöglegan hátt eða á grundvelli annarra skilríkja sem gefin hefðu verið út á ólöglegan hátt. Stefnandi byggir á því að það stríði gegn rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að byggja ákvarðanir sínar á sögusögnum heldur verði stjórnvöld að sannreyna þær upplýsingar sem þeim berast.
16. Stefnandi vísar til þess að hann hafi verið undir hæl mansala sem hafi neytt hann til að leggja fram fölsuð gögn hjá sænskum stjórnvöldum. Slíkt sé ekki óalgengt hjá þeim sem leggi mansal fyrir sig og reyni að nýta sér alþjóðlega verndarkerfið. Það leiki enginn vafi á því hver stefnandi sé. Fyrir því þurfi ekki að liggja áreiðanleg gögn frá yfirvöldum heldur nægi að aðrir menn kannist við stefnanda af afsþurn eða sífjatengslum og þekki nafn hans. Með því að hann hafi sýnt fram á hver hann er sé óhjákvæmilegt að ógilda úrskurð kærufndar útlendingamála nr. 267/2022 frá 14. júlí 2022, enda hafi ákvörðun í máli

stefnanda byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, og því hafi kærunefnd útlendingamála borið að endurupptaka mál hans.

17. Stefnanda byggir á því að fara hefði átt með mál hans í öndverðu á grundvelli þess að hann væri á barnsaldri. Sú meðferð Útlendingastofnunar, sem hafi ekki verið leiðrétt af kærunefnd útlendingamála, að gera það ekki brjótí í bága við jafnræðisreglu stjórnsluréttar, sbr. 11. gr. stjórnslulaga, og jafnræðisreglu stjórnskipunarréttar. Í þessu samhengi vísar stefnandi til þess að farið hafi verið með umsóknir annarra umsækjenda með herra tannþroskastig rétt eins og þeir væru börn þar sem mögulegt væri að þeir væru yngri en 18 ára. Það hafi hins vegar ekki verið gert í máli stefnanda og það gangi gegn 3. mgr. 26. gr. laga nr. 80/2016 og lögmætisreglu stjórnsluréttarins. Aldur stefnanda miðað við tannþroskastig tæplega tveimur mánuðum eftir að hann sótti um alþjóðlega vernd hér á landi hafi verið 19,2 ár, samkvæmt aðferð Kullman, og staðalfrávikíð sé 1,0 ár. Miðað við forsendur hans séu 11,37% líkur á því að stefnandi hafi verið á aldrinum 16,2 til 18 ára.
18. Stefnandi vísar til þess að í 1. mgr. 113. gr. útlendingalaga sé tekið fram að niðurstaða úr líkamsrannsókn til þess að ákvarða aldur útlendinga skuli metin í samhengi við önnur atriði málsins og vafi skuli metinn umsækjanda í hag, en það hafi ekki verið gert í hans tilvikí. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. útlendingalaga skuli ávallt líta svo á við meðferð máls að umsækjandi um alþjóðlega vernd sem segist vera undir lögaldri sé barn þar til annað kemur í ljós með aldursgreiningu eða á annan hátt. Orðalag skilyrðisins, „þar til annað kemur í ljós“, gefi til kynna að niðurstaða aldursgreiningar sé hafin yfir skynsamlegan vafa og ekki sé nægjanlegt að líkindi standi einungis til einhvers. Talsmaður stefnanda hjá Útlendingastofnun hafi sérstaklega vakið athygli á þessu og krafist skýringa á því hvers vegna stefnandi ætti að sæta annarri meðferð en umsækjendur í sambærilegri stöðu, sbr. mál nr. 2016-06137, 2016-04376 og 2016-06138. Svör við því hafi ekki uppfyllt kröfur 22. gr. stjórnslulaga og stefnandi því í raun ekki fengið að njóta raunhæfs andmælaréttar. Í úrskurði kærunefndar í máli nr. 510/2017 hafi því verið slegið föstu að við mat á því hvort kærandi væri yngri en 18 ára væri miðað við aldur kæranda þann dag sem hann sótti um alþjóðlega vernd.
19. Stefnandi vísar til þess að það sé almennt viðurkennt á sviði flóttamannaréttar að trúverðugleikamat sé hvoru tveggja mikilvægasti og erfiðasti þátturinn í meðferð umsókna um alþjóðlega vernd. Í lögum nr. 80/2016 um útlendinga sé ekki að finna ákvæði sem lýsa því nákvæmlega hvernig það skuli framkvæmt, en helsta heimildin um það sé skýrsla Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og Flóttamannasjóðs Evrópusambandsins um trúverðugleikamat. Í úrskurði kærunefndar útlendingamála nr. 534/2018 frá 5. desember 2018 komi fram að mat á trúverðugleika frásagnar stefnanda sé byggt á viðtali við hann hjá

kærunefnd, endurritum af viðtölum hans hjá Útlendingastofnun, öðrum gögnum málsins og upplýsingum um heimaríki stefnanda. Kærunefndin telji að misræmi í frásögn hans skýrist einungis að litlu leyti af hótunum frá einstaklingum sem hann segist óttast í Svíþjóð, auk þess sem frásögnin sé ekki í samræmi við upplýsingar um aðstæður í heimaríki stefnanda. Stefnandi hafi af þeim sökum ekki veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn málsins í skilningi d-liðar 2. mgr. 74. gr. útlendingalaga.

20. Stefnandi byggir á því að augljós mistök hafi verið gerð við setningu laga nr. 80/2016 og lögskýring leiði til þess að kærunefnd útlendingamála hafi borið að taka til skoðunar hvort veita mætti undanþágu frá 2. mgr. 74. gr. útlendingalaga á grundvelli undanþáguheimildar í 2. mgr. 74. gr. laga nr. 80/2016. Úrskurðurinn hafi því ekki verið í samræmi við lög og það leiði til ógildingar hans.
21. Stefnandi byggir á því að trúverðugleikamat stjórnvalda hafi verið gallað þar sem ekki sé tekið tillit til aðstæðna hans, eins og almennt sé viðurkennt að skuli gera. Í þessu sambandi vísar stefnandi til sálfræðimata sem liggja fyrir í málinu en þar komi fram að stefnandi hafi verið uppátækjasamur sem barn og oft hafi borið á hvatvísi hjá honum. Hann hafi átt erfitt með að tímasetja atburði og segja frá þeim í rétttri tímaröð. Þessi einkenni gætu bent til vanda varðandi athygli og ofvirkni. Þá leiti á hann minningar um átök og limlest lík eftir sprengjuárásir. Hann hafi lent í klóm mansalshrings sem hafi beitt hann miklu ofbeldi og hann hafi séð aðra beitta ofbeldi. Stefnandi byggir á því að framangreint leiði til þess að hann eigi erfitt með gera grein fyrir högum sínum auk þess sem hann hafi verið á barnsaldri þegar hann kom hingað til lands. Í leiðbeiningum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, *Beyond Proof. Credibility Assessment in EU Asylum Systems*, segi að einstaklingsbundnar aðstæður umsækjenda geti útskýrt hvers vegna hann greini ekki frá tilteknum atriðum eða greini ekki frá þeim nákvæmlega. Áfallastreituröskun, ungur aldur og andlegir kvillar skýri hvers vegna frásögn umsækjanda sé þokukennd eða stutturð og stjórnvöld eigi að taka tillit til þess. Með því að gera það ekki sé ákvörðunin haldin efnisannmarka sem leiði til ógildingar.
22. Stefnandi byggir á því að í viðtali hjá kærunefnd útlendingamála hafi ekki verið viðstaddur sá talsmaður sem sá um mál hans hjá Rauða krossinum. Viðkomandi talsmaður hafi ekki þekkt til hans og hafi ekki lagt sig fram við að tryggja að orð hans yrðu ekki rangtúlkuð. Móðurmál stefnanda sé pastú og viðtal við hann hjá Útlendingastofnun hafi farið fram á því tungumáli. Viðtalið hjá kærunefnd útlendingamála hafi síðan farið fram á ensku. Viðtölin séu síðan skrifuð upp á íslensku. Engan þurfi því að undra að eitthvert misræmi komi fram, sér í lagi þar sem stefnandi sé ekki vel að sér í ensku. Þessir tungumálameinbugir, auk ungs aldurs, áfallasögu og andlegs heilsufars, séu jafnframt efnisannmarkar sem leiða eigi til ógildingar úrskurðarins og framangreint sé ekki í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti.

23. Stefnandi vísar til þess að hann hafi verið tilneyddur að vera í ákveðnu hlutverki í Svíþjóð. Það hafi verið hættulegt fyrir hann að víkja frá því. Stjórnvöld slái því hins vegar föstu að þau þurfi ekki að telja hann fórnarlamb mansals þar sem lögregla hafi ekki séð ástæðu til þess að rannsaka það. Þá skal ósagt látið hvað lögreglan ætti að aðhafast vegna afbrota sem framin voru á erlendri grundu. Þar með hafi stjórnvöld í raun eftirlátið lögreglu mat sem þeim hafi borið að sinna. Stefnandi byggir á því að það brjóti í bága við rannsóknarreglu og lögmætisreglu stjórnsýsluréttar að slá því föstu að stefnandi sé ekki fórnarlamb mansals. Það hafi leitt af sér að frásögn stefnanda sé metin ótrúverðug þrátt fyrir að hann hafi lagt sig allan fram við að greina rétt frá atvikum og þó að hann þyrfti þá að skýra tiltekið misræmi í frásögn sinni miðað við frásögn sína fyrir sænskum stjórnvöldum.
24. Stefnandi byggir á því að það komi skýrlega fram í viðtali hans hjá Útlendingastofnun að hann viti ekki nákvæman aldur sinn og að skráningar á upplýsingum af því tagi séu stopular þaðan sem hann komi. Þá hafi hann gert grein fyrir því að mansali hafi fyrirskipað honum að leggja fram þau gögn sem hann lagði fram í Svíþjóð. Þessar skýringar séu ekki aðeins virtar að vettugi heldur taldar leiða til þess að stefnandi hafi ekki veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn málsins í skilningi d-liðar 2. mgr. 74. gr. laga nr. 80/2016. Sú geta hans hafi takmarkast að vissu leyti af andlegum kvillum og hvorki Útlendingastofnun né kærunefnd útlendingamála hafi tekið tillit til þess við mat á trúverðugleika frásagnar hans. Því beri að ógilda ákvörðun kærunefndar útlendingamála, enda sé hún haldin alvarlegum efnisannmarka að þessu leyti.
25. Stefnandi byggir á því að rannsókn stjórnvalda sem byggðist á rannsókn lögreglu á mansalinu hafi verið stutt og rýr og takmarkast við að ræða við starfsmann barnaverndar [...] og skoða upptökur úr öryggismyndavél í Leifsstöð. Lögregluskýrslan í málinu sé dagsett 12. janúar 2018, en þá voru liðnir 16 mánuðir frá því að kærandi kom til landsins. Lögreglan hafi hvorki haft bolmagn né áhuga á að rannsaka ferðir stefnanda á erlendri grundu mörg ár aftur í tímann. Stefnandi sjálfur hafi aldrei verið boðaður í skýrslutöku. Þá verði ekki séð af efni skýrslunnar að mansalsteymi lögreglunnar hafi verið gert viðvart eða fengin hafi verið til aðstoð sérfræðinga lögreglunnar í mansalsmálum. Þá hafi Útlendingastofnun farið gegn fyrirmælum í úrskurði kærunefndar útlendingamála nr. 414/2017 þar sem tekið sé fram að mat Útlendingastofnunar og kærunefndar útlendingamála á því hvort umsækjendur um alþjóðlega vernd séu eða hafi verið fórnarlömb mansals sé ekki bundið við það hvort lögregla hafi séð ástæðu til að rannsaka málið sérstaklega eða að slík rannsókn hafi ekki borið árangur, heldur þurfi að kanna hvert mál og leggja mat á hverja umsókn fyrir sig. Stefnandi byggir því á að með þessu hafi verið brotið gegn rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar.
26. Stefnandi vísar til þess að í 75. og 76. gr. útlendingalaga sé að finna ákvæði sem heimili stjórnvöldum að veita fórnarlömbum og hugsanlegum fórnarlömbum mansals dvalarleyfi.

Ofsóknir í skilningi 1. mgr. 37. gr. útlendingalaga geti falist í mansali, sbr. a-lið 2. mgr. 38. gr. útlendingalaga. Ákvæði 227. gr. a í hegningarlögum sem snýr að mansali hafi verið lögfest með lögum nr. 40/2003. Við lýsingu brotsins hafi verið höfð hliðsjón af 3. gr. bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi, um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn (Palermó-bókunin), sbr. athugasemdir við frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum. Einnig sé að finna ákvæði um sölu og brottnám barna og verslun með börn, þar sem aðildarríkin skuldbinda sig til að veita börnum vernd gegn brottnámi eða mansali, í 35. gr. barnasáttmálans. Lýsingar stefnanda í frásögn sinni fyrir stjórnvöldum komi heim og saman við mansal eins og það sé skilgreint í a-lið 3. gr. Palermó-bókunarinnar. Stefnandi byggir á því að hann hafi á trúverðugan hátt gert grein fyrir því að hann sé fórnarlamb mansals, og eins og að framan greini standi engin haldbær rök gegn því að svo sé. Málamyndarannsókn lögreglu breyti engu um það. Við mat á því hvort stefnandi væri fórnarlamb mansals hafi stjórnvöld brotið bæði gegn rannsóknarreglu og jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar.

II

Helstu málsástæður stefnda

27. Stefndi vísar til þess að málatilbúnaður stefnanda sé afar óljós einkum hvað varðar það hvorn úrskurð kærunefndar stefnandi telji rangan, þ.e. úrskurð nr. 267/2022 eða nr. 534/2018. Málsástæður stefnanda lúti einkum að því að mat stjórnvalda, einkum kærunefndar, á aldri, auðkenni og trúverðugleika hans hafi verið rangt og því sé úrskurður nefndarinnar nr. 534/2018 haldinn efnisannmarka. Auk þess hefði átt að fara með mál hans eins og hann hefði verið barn. Lítinn sem engan rökstuðning sé hins vegar að finna í stefnu fyrir dómkröfu hans um ógildingu á úrskurði kærunefndar nr. 267/2022. Umfjöllun dómstóls geti ekki verið um annað en dómkröfur stefnanda. Sé því ljóst að umfjöllun um málsmeðferð fyrir stjórnvöldum og efnislegar niðurstöður í fyrri úrskurðum í málum sem varða stefnanda geti ekki verið umfjöllunarefni dómsins nema að því marki sem lúti að beiðni stefnanda um endurskoðun þeirra úrskurða. Málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki kröfur e-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um að greina svo glöggst sem verða má frá þeim málsástæðum sem stefnandi byggir málssókn sína á, og það geti varðað frávísun málsins frá dómi án kröfu (ex officio).
28. Stefndi mótmælir því að úrskurður kærunefndar útlendingamála nr. 267/2022 hafi verið ólögmat og ógildanleg stjórnvaldsákvörðun og að skilyrði 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 fyrir endurupptöku hafi verið uppfyllt. Úrskurður kærunefndar útlendingamála nr. 534/2018 í máli stefnanda hafi hvorki byggst á ófullnægjandi né röngum upplýsingum um auðkenni stefnanda. Þá höfðu atvik ekki breyst verulega frá því að úrskurður kærunefndar nr. 534/2018 var kveðinn upp.

29. Stefndi byggir á því að þau gögn sem stefnandi lagði fram endurupptökubeiðni sinni til stuðnings hafi ekki verið til þess fallin að sanna auðkenni hans. Framlögð gögn um auðkenni hans hafi öll legið fyrir við meðferð fyrri mála hans hjá kærunefnd sem nefndin hafði þegar tekið afstöðu til. Þá sé því mótmælt að málsmeðferð stjórnvalda á umsókn stefnanda hafi verið haldin efnisannmörkum og brotið í bága við meginreglur stjórnsýsluréttar og það leiði til þess að ógilda beri úrskurð kærunefndar nr. 267/2022, eins og stefnandi haldi fram.
30. Stefndi mótmælir því að stefnandi hafi átt að fá dvalarleyfi á grundvelli mannúðarástæðna samkvæmt 2. mgr. 74. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga þar sem niðurstaða kærunefndar útlendingamála í upphaflegu máli hans hafi legið fyrir síðar en 18 mánuðum frá því að hann lagði fram umsókn um alþjóðlega vernd. Skilyrði þess að heimilt sé að veita dvalarleyfi á þeim grundvelli séu að skilyrði í a–d-lið 2. mgr. 74. gr. laganna séu uppfyllt, en kærunefnd hafi komist að þeirri niðurstöðu að skilyrði b- og d-liðar hefðu ekki verið uppfyllt. Kærunefndin hafi talið vafa leika á því hver stefnandi væri auk þess sem hann hefði ekki aðstoðað við úrlausn málsins.
31. Stefndi vísar til þess að í ákvörðun Útlendingastofnunar hafi verið lagt til grundvallar að þau skjöl sem stefnandi hefði lagt fram, þ.e. vegabréf og auðkenniskort útgefið af [...] stjórnvöldum, teldust fullnægjandi sönnun á auðkenni stefnanda. Fullyrðingar um að niðurstaða kærunefndar byggist einvörðungu á ábendingu utanaðkomandi aðila fái ekki staðist. Í úrskurði kærunefndar nr. 534/2018 hafi niðurstaða rannsóknar lögreglunnar á vegabréfi stefnanda ekki verið ótvíræð um að þau gögn sem stefnandi hafði lagt fram sönnuðu auðkenni hans. Þegar stefnandi sótti um vernd í Svíþjóð hafi hann lagt fram ýmis gögn til að sanna auðkenni sitt, m.a. fæðingarvottorð, skólaskírteini og ljósrit af skilríkjum foreldra sinna. Sænsk stjórnvöld hafi talið skjölin ótraust og því ekki sanna auðkenni hans. Því hafi verið talin ástæða til að framkvæma greiningu á aldri stefnanda þar. Niðurstaða aldursgreiningar, dagsett 19. apríl 2014, sem fram fór á Sahlgrenska spítalanum í Gautaborg, var sú að stefnandi hefði þá verið eldri en 18 ára eða í kringum 19 ára aldurinn. Í þeim gögnum sem stefnandi hafi lagt fram í Svíþjóð hafi fæðingardagur stefnanda og fjölskyldutengsl hans jafnframt verið önnur en komu fram í þeim gögnum sem hann lagði síðar fram hjá íslenskum stjórnvöldum. Í ljósi alls framangreinds hafi það því verið mat kærunefndar að trúverðugleiki vegabréfs stefnanda væri ekki slíkur að það teldist sanna auðkenni stefnanda.

32. Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi lagt fram fjölda gagna með beiðni sinni um endurupptöku, m.a. reifanir á tilteknum ákvæðum laga um útlendinga og túlkanir sínar á þeim, ljósmyndir af fæðingarvottorði sínu og fjölskylduvottorði og eldri skjöl sem höfðu legið fyrir við meðferð máls hans hjá stjórnvöldum árið 2018. Kærunefndin hafi tekið fram fram í úrskurðinum að þegar hefði verið tekin afstaða til þeirra, svo og vísunar til dóms Landsréttar nr. 599/2020, í máli konu sem stefnandi kvað vera ættleidda systur sína, sem styddi trúverðugleika þeirra skilríkja og gagna sem hann hefði lagt fram. Kærunefndin taldi ástæðu til að taka fram að niðurstaða Landsréttar í framangreindum dómi hefði ekki á neinn hátt tekið á uppgefnu auðkenni þeirrar konu eða staðfest þau gögn sem hún hefði lagt fram því til sönnunar. Stefnandi og meintir ættingjar hans hafi lagt fram frekari gögn við meðferðir mála þeirra hjá stjórnvöldum og hafi þau gögn dregið enn frekar úr trúverðugleika frásagnar stefnanda og á engan hátt verið til þess fallin að styðja auðkenni hans í framangreindu vegabréfi. Þetta hafi verið ítrekað í úrskurði kærunefndar nr. 45/2019.
33. Stefndi vísar til þess að í samræmi við 3. mgr. 26. gr. laga nr. 80/2016 hafi Útlendingastofnun farið með mál stefnanda eins og hann væri barn allt þar til niðurstaða tanngreiningar lá fyrir og hún hafði verið kynnt fyrir stefnanda og talsmanni hans. Hann hafi því verið í umsjá barnaverndar á fyrstu stigum málsmeðferðarinnar og fengið þjónustu eins og hann væri barn að aldri.
34. Stefndi mótmælir því að niðurstöður aldursgreiningar sem stefnandi sætti hafi verið túlkaðar á annan hátt en niðurstöður slíkra greininga í öðrum sambærilegum málum. Stefndi vísar til ítarlegra samskipta talsmanns stefnanda, við málsmeðferð hans hjá stjórnvöldum, og starfsmanns Útlendingastofnunar, þar sem sérstaklega hafi verið aflað svara frá þeim sérfræðingum sem gerðu aldursgreininguna. Svör sérfræðinganna hafi verið á þá leið að þeir hafi talið ástæðu til þess að setja niðurstöður sínar fram á annan hátt eftir að í ljós hefði komið að stjórnvöld hefðu túlkað þær á rangan hátt. Hefði að þeirra mati verið rangt hjá stjórnvöldum að telja að ekki væri hægt að útiloka að um væri að ræða börn í þeim málum sem talsmaður vísaði til og taldi sambærileg máli stefnanda. Væri túlkun Útlendingastofnunar á niðurstöðum aldursgreiningarinnar í tilviki stefnanda rétt og í samræmi við niðurstöður sérfræðinganna, þ.e. að stefnandi væri eldri en 18 ára, sennilega eldri en tvítugur, og útilokað að uppgefinn aldur væri réttur. Þá telji stefndi rétt að benda á að í úrskurði kærunefndar í máli eins þessara tilvísuðu einstaklinga hafi kærunefnd leiðrétt túlkun Útlendingastofnunar á niðurstöðu aldursgreiningarinnar, eins og sjá megi í úrskurði nefndarinnar nr. 422/2017. Stefndi bendir á að jafnræðisregla stjórnsýslulaga veiti mönnum

almennt ekki tilkall til neins þess sem ekki samrýmist lögum. Hafi ákvörðun verið ólögmat geti aðili ekki borið fyrir sig þá ákvörðun og krafist sambærilegrar úrlausnar.

35. Stefnandi vísar til 1. mgr. 113. gr. laga nr. 80/2016 þar sem kveðið sé á um að ef grunur leikur á að umsækjandi um alþjóðlega vernd villi á sér heimildir við meðferð máls eða segi rangt til um aldur geti viðkomandi stjórnvald lagt fyrir umsækjandann að hann gangist undir líkamsrannsókn til þess að ákvarða aldur hans. Niðurstöðu úr slíkri líkamsrannsókn eigi að meta í samhengi við önnur atriði málsins og vafi sé metinn umsækjanda í hag. Í 1. mgr. 40. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 540/2017, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 113. gr. laga nr. 80/2016, komi fram að við ákvörðun á aldri skuli fara fram heildstætt mat á aðstæðum einstaklings. Í tilviki stefnanda hafi verið um að ræða margs konar gögn, m.a. framburð stefnanda sjálfs hjá sænskum stjórnvöldum og niðurstöðu aldursgreiningar sem þar fór fram árið 2014, og leiddi í ljós að hann væri eldri en 18 ára á þeim tímapunkti. Þessi gögn hafi stutt þá niðurstöðu stjórnvalda að stefnandi hefði verið eldri en 18 ára þegar hann lagði fram umsókn sína um alþjóðlega vernd hér á landi.
36. Stefnandi byggir á því að við mat kærufndar á trúverðugleika stefnanda hafi verið litið til niðurstöðu nefndarinnar í úrskurði nr. 534/2018. Ljóst sé að horft hafi verið til fyrirbyggjandi gagna og framburðar stefnanda og tillit tekið til ungs aldurs hans og þess möguleika að hann hefði sagt ósatt hjá sænskum stjórnvöldum að undirlagi annarra aðila sem hefðu nýtt sér stefnanda í hagnaðarskyni (mansal). Þá hafi það jafnframt verið mat kærufndar hvað varðaði d-lið 2. mgr. 74. gr. laga nr. 80/2016 með vísan til trúverðugleikamats nefndarinnar á frásögn stefnanda að hann hefði ekki veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn máls í skilningi þess ákvæðis.
37. Stefndi byggir á því að þegar stjórnvald hafi þegar tekið afstöðu með úrskurði sínum til málsatvika þurfi í beiðni um endurupptöku að koma fram hvers vegna aðili telji að stjórnvald eigi að taka mál hans til nýrrar meðferðar og eftir atvikum gögn eða aðrar upplýsingar sem með sanngirni megi ætlast til að aðili afli og sé grundvöllur endurupptökubeiðninnar. Í beiðni stefnanda um endurupptöku sem var til umfjöllunar í úrskurði kærufndar nr. 267/2020 hafi stefnandi alfarið byggt á því að mat kærufndar á auðkenni hans væri rangt og að niðurstaða framangreinds dóms Landsréttar styddi þá málsástæðu hans. Var það mat kærufndar að framlögð gögn með beiðninni væru þau sömu og stjórnvöld hefðu þegar skoðað og tekið afstöðu til í úrskurðum sínum í máli kæranda. Niðurstaða dómsins hafi engu breytt hvað varðaði það mat. Því hafi ekki verið fallist á að úrskurður kærufndar hefði byggt á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum

um málsatvik, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Þá hafi ekkert í gögnum málsins þótt benda til þess að aðstæður stefnanda hefðu breyst verulega, sbr. 2. tölul. ákvæðisins.

38. Stefndi vísar til þess að kærunefnd hafi upphaflega í úrskurði sínum tekið undir þá málsástæðu stefnanda að rannsókn á því að hann hefði verið þolandi mansals hefði verið ófullnægjandi. Málið hafi því verið tekið til meðferðar á nýjan leik hjá Útlendingastofnun, m.a. á þeim grundvelli. Það sé mat stefnda að fullnægjandi rannsókn hafi síðan farið fram á þessari málsástæðu og niðurstaða rannsóknarinnar hafi verið sú að stefnandi væri ekki þolandi mansals hér á landi og aðstæður hans væru að öðru leyti ekki slíkar að veita bæri honum dvalarleyfi hér á landi fyrir þolendur mansals eða vegna gruns þar um, sbr. 75. og 76. gr. laga nr. 80/2016.

39. Stefndi byggir á því að mál stefnanda hafi verið fyllilega upplýst og rannsakað þegar ákvörðun Útlendingastofnunar var tekin og úrskurður kærunefndar kveðinn upp og í fullu samræmi við rannsóknarreglu stjórnarsýsluréttarins, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga. Stefndi vísar til þess að ekki verði ráðið af stefnu að hvaða leyti rannsókn stjórnvalda hafi verið ófullnægjandi eða gegn hvaða málsmeðferðarreglum stjórnarsýsluréttarins, skráðum jafnt sem óskráðum, og laga um útlendinga, hafi verið brotið við meðferð máls hans. Þá sé því heldur ekki nánar lýst í stefnu hvaða gagna kærunefnd hefði mátt afla sem hefðu getað leitt til annarrar niðurstöðu. Loks sé því mótmælt að stjórnvaldsákvæðanir Útlendingastofnunar og kærunefndar útlendingamála í málefnum stefnanda hafi verið efnislega rangar, byggst á ómálefnalegum sjónarmiðum og farið gegn íslenskum lögum og alþjóðlegum skuldbindingum.

III

Niðurstaða

40. Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. laga um útlendinga er heimilt að veita útlendingi sem sótt hefur um alþjóðlega vernd og ekki fengið niðurstöðu í máli sínu á stjórnarsýslustigi innan 18 mánaða eftir að hann sótti fyrst um alþjóðlega vernd hér á landi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt ákvæðinu, að því tilskildu að skorið hafi verið úr um að útlendingur uppfylli ekki skilyrði samkvæmt 37. og 39. gr. laganna. Í ákvæðinu eru síðan talin upp skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis í þessum tilgangi. Samkvæmt b- lið ákvæðisins má ekki leika vafi á því hver umsækjandi er og í d-lið 2. mgr. 74. gr. er skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæðinu að útlendingur hafi veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn málsins. Í 3. mgr. 74. gr. laganna kemur fram að ákvæði 2. mgr. gildi ekki þegar skilyrði a – d liðar í 3. mgr. 74. gr. eru fyrir hendi.

41. Stefnandi lagði fram umsókn um alþjóðlega vernd hér á landi þann 4. september 2016. Með úrskurði Kæruneftndar í máli stefnanda þann 6. desember 2018 var komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi uppfyllti ekki skilyrði 1 eða 2. mgr. 37. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga, sbr. 40. gr. sömu laga. Það liðu því rúmlega 27 mánuðir frá umsóknardegi og þar til úrskurður Kæruneftndar útlendingamála var kveðinn upp. Stefnandi fékk því ekki úrlausn í máli sínu á stjórnarsýslustigi innan þeirra tímamarka sem getið er um í 2. mgr. 74. gr. laganna.
42. Ákvörðun um að synja stefnanda um vernd byggðist á því að skilyrði stefnanda um auðkenni og uppruna samkvæmt 2. mgr. 74. gr. hafi ekki verið uppfyllt og stefnandi hafi ekki veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn máls í skilningi d-liðar 2. mgr. 74. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga. Niðurstaða aldursgreiningar sem stefnandi undirgekkst hér á landi í nóvember 2016 var sú að stefnandi væri eldri en átján ára, sennilega eldri en tvítugur og útilokað að uppgefinn aldur [...] væri réttur. Í gögnum málsins liggur fyrir að stefnandi upplýsti við umsókn um alþjóðlega vernd í Svíþjóð 28. október 2013 að hann væri fæddur [...]. Niðurstaða aldursgreiningar í apríl 2014, sem gerð var á stefndanda í tengslum við umsókn hans í Svíþjóð, var sú að hann væri rúmlega 19 ára gamall. Í ákvörðun Útlendingastofnunar frá 14. febrúar 2017 er vísað til bréfs frá finnskum yfirvöldum þar sem stefnandi hafi áður sótt um alþjóðlega vernd. Þar var hann einnig skráður með fæðingardag [...].
43. Við skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti stefnandi að hann væri fæddur [...] en hann framvísaði einnig [...] vegabréfi með sama fæðingarári. Aðspurður um aldur sinn í viðtali hjá Útlendingastofnun sagði stefnandi algengt í sínu heimalandi að foreldrar skráðu fæðingardag barna sinn og þeir væru ekki endilega réttir, en að það sé ekkert stórmál að það muni einu ári eða svo. Í skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2015 sem vísað er til í úrskurði Kæruneftndar Útlendingamála nr. 455/2022 og stefndi lagði fram við aðalmeðferð málsins, er vísað til þess að skráning barnsfæðinga hafi alla tíð verið verulega ábótavant í [...]. Röng skráning, mikil spilling og upplýsingar um að yfirvöld í [...] gefi út skjöl með röngum upplýsingum, séu helstu ástæðurnar fyrir því að trúverðugleiki [...] skilríkja sé takmarkaður.
44. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður talið að sú niðurstaða Kæruneftndar útlendingamála um að framlögð skírteini stefnanda í málinu hafi ekki verið til þess fallin að sanna auðkenni hans, hafi hvorki byggst á ófullnægjandi né röngum upplýsingum eða farið gegn 10. gr. stjórnarsýslulaga eða 22. gr. þeirra laga nr. 37/1994, 2. mgr. 23. gr. laga nr.

80/2016 um útlendinga, eða á einhvern hátt brotið gegn jafnræðisreglu 11. gr. laga nr. 37/1994 eða 3. mgr. 26. gr. laga nr. 80/2016. Verður úrskurður kærunefndar útlendingamála nr. 267/2022 ekki felldur úr gildi af þessum ástæðum. Er þá horft til þess hve algengt það er að grunnskjöl séu fölsuð í [...], vandkvæði við skráningar á fæðingum barna, upplýsingar sem stefnandi gaf hjá bæði sænskum og finnskum yfirvöldum og niðurstöðu aldursgreiningar bæði hér á landi og í Svíþjóð, svo og hvernig staðið var að rannsókn málsins og þeirrar þjónustu sem stefnandi naut.

45. Ákvörðun um að synja stefnanda um vernd byggðist einnig á því skilyrði að stefnandi hafi ekki veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn máls í skilningi d-liðar 2. mgr. 74. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga. Niðurstaða kærunefndar var sú að stefnandi hefði ekki veitt viðhlítandi upplýsingar og skýringar á auðkenni sínu og uppruna. Verður ekki séð að það mat kærunefndar sé á einhvern hátt ófullnægjandi, byggt á röngum upplýsingum eða ómálefnalegum sjónarmiðum. Þá verður ekki fallist á að mat kærunefndar á trúverðugleika stefnanda hafi ekki tekið mið af fyrirliggjandi gögnum, ungs aldurs og þess möguleika að hann hafi sagt ósatt að undirlagi annarra aðila. Í úrskurðum kærunefndar útlendingamála nr. 534/2018 og nr. 45/2019 kemur fram að upplýsingar stefnanda varðandi fjölskyldu-tengsl og ástæður fyrir flóttu hans hafa tekið miklum breytingum. Stefnandi hefur lagt fram gögn hjá sænskum og íslenskum yfirvöldum með mismunandi fæðingardögum og nöfnum föður og gefið upp ólíkar skýringar á ástæðum þess að hann sé flóttu sem, ásamt þeim skírteinum sem hann lagði fram, draga enn frekar úr trúverðugleika hans.
46. Samkvæmt 4. mgr. 74. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga er heimilt að víkja frá ákvæðum 3. mgr. greinarinnar en þar eru rakin nokkur viðbótarskilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis á grundvelli 2. mgr. 74. gr. laganna. Engin heimild er til að víkja frá skilyrðum 2. mgr. 74. gr. Í stefnu er vísað til þess að samkvæmt athugasemdum við frumvarp til laga um útlendinga sem varð að lögum nr. 80/2016 hafi augljós mistök verið gerð við setningu laganna og að undanþáguheimildin í 4. mgr. 74. gr. hafi átt að ná til 2. mgr. greinarinnar. Undir þetta hafi kærunefndin tekið í úrskurði sínum nr. 534/2018. Hvað sem þessu líður er texti laganna er skýr um það að undanþáguheimildin nær eingöngu til 3. mgr. og engin heimild er til að veita undanþágu frá skilyrðum 2. mgr. 74. gr. laganna auk þess sem þær tafir sem urðu á afgreiðslu málsins eru að verulegu leyti á ábyrgð stefnanda sjálfs.
47. Loks verður ekki á það fallist að kærunefnd útlendingamála hafi ekki rannsakað nægjanlega hvort stefnandi væri hugsanlega þolandi mansals. Kærunefnd gerði sérstaklega athugasemd varðandi þennan þátt við rannsókn Útlendingastofnunar í úrskurði sínum nr. 414/2017 og

ógilti ákvörðun hennar m.a. á þessum grundvelli. Málið var því tekið fyrir að nýju og þessi þáttur rannsakaður sérstaklega. Niðurstaðan var sú að stefnandi væri ekki fórnarlamb mansals og aðstæður hans að öðru leyti ekki slíkar að það bæri að veita honum dvalarleyfi á grundvelli 75. og 76. gr. laga nr. 80/2016. Verður úrskurður kærunefndar ekki ógiltur af þessum sökum.

48. Að öllu framangreindu virtu verður hvorki fallist á það með stefnanda að hinn umdeildi úrskurður sé efnislega rangur né að brotið hafi verið gegn reglum um meðferð máls. Ekki hefur annað verið í ljós leitt en að rannsókn hafi verið fullnægjandi, sem og að stjórnvöld hafi byggt úrlausn sína á málefnalegum sjónarmiðum og fylgt þeim reglum og viðmiðum sem greinir í lögum um útlendinga, stjórnsýslulögum, ákvæðum stjórnarskrár og alþjóðlegum samningum. Verður kröfu stefnanda um ógildingu úrskurðarins því hafnað og stefndi sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda í máli þessu.

49. Í ljósi stöðu aðila og sakarnefnisins þykir rétt, þrátt fyrir meginreglu 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

50. Af hálfu stefnanda flutti málið Svavar Daðason lögmaður f.h. Ómars R. Valdimarssonar lögmanns. Af hálfu stefnda flutti málið Erna Hjaltsted lögmaður. Dóm þennan kveður upp Helgi Sigurðsson héraðsdómari. Málinu var úthlutað til dómara 2. desember sl.

DÓMSORÐ

Stefndi er sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Helgi Sigurðsson.